

Hafnarfjarðarbær  
Pormóður Sveinsson  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 11. júní 2020

Tilvísun: 202006028 / 3.2

---

## Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna Reykjanesbrautar sunnan Straumsvíkur

---

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 4. júní 2020, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. í mars, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er breytt lega Reykjanesbrautar og tvöföldun hennar frá Krýsuvíkurvegi að mörkum Sveitarfélagsins Voga.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir lýsinguna og bendir á eftirfarandi atriði við mótun skipulagstillögu og umhverfismat hennar:

### Aðdragandi og helstu forsendur

Í kafla 2, sem ber yfirskriftina forsendur, er tekin upp umfjöllun úr greinargerð aðalskipulagsins. Ljóst er að sú umfjöllun er að mörgu leyti úrelt miðað við núverandi áform. Gera þarf grein fyrir aðdraganda þess að Hafnarfjarðarbær telur ákjósanlegt að leggja fram breytingu á aðalskipulaginu og hvaða áskoranir felast í því sem m.a. tengjast staðháttum á svæðinu.

Bent er á að skoða einnig hvort fyrirhugaðar breytingar á Reykjanesbraut á þessu svæði snerta eða hafa áhrif á þróun byggðar við Straumsvík, þar sem skipulagi er frestað í aðalskipulagi, áformaða Suðurnesjalínu 2 og hugmyndir um flugvallarsvæði sunnan Reykjanesbrautar nokkru vestar.

### Umhverfi og aðstæður á skipulagssvæðinu og mat áhrifum breytingar

Í skipulagstillögu þarf að lýsa staðháttum á skipulagssvæðinu sem er þá grunnur fyrir mat á umhverfisáhrifum þeirra breytinga sem fyrirhuguð skipulagstillaga felur í sér. Lýsa þarf náttúrufragslegum aðstæðum, hvaða verndarákvæði vegna náttúru- og menningarminjar gilda á svæðinu, lýsa núverandi og fyrirhugaðri starfsemi á aðliggjandi svæðum og öðru því sem varpar ljósi á staðhætti. Einnig er mikilvægt að uppfæra tölur um umferð á svæðinu og setja fram nýrri umferðarspá.

Í lýsinguna vantar að gera grein fyrir því hvernig staðið verður að umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar skv. lögum um umhverfismat áætlana, þó vísað sé til ákvæða skipulagslaga um að gera skuli grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið og að í 5. kafla komi fram hugtökin *kostagreining* og *áhrifamat*. Skipulagsstofnun mælir með að snemma í ferlinu verði sett fram matslýsing til að byggja á við mat á áhrifum breytingarinnar. Þar verði lýst þeim valkostum sem geta talist raunhæfir og verða metnir m.t.t. umhverfisáhrifa til samanburðar við þann kost sem sveitarfélagið telur ákjósanlegan. Það á einnig

við að leggja mat á legu Reykjanesbrautar eins hún og er í aðalskipulaginu í dag. Velja þarf hvaða umhverfisþættir verða metnir með hliðsjón af staðháttum og umhverfisaðstæðum og hvaða nálgun eða aðferð verður beitt til að komast að niðurstöðu. Í umhverfismati þarf að gera grein fyrir því hvernig niðurstaðan samræmist viðmiðum í stefnu stjórnvalda, svo sem verndarákvæðum í lögum og annarri stefnumörkun um samgöngur, byggðapróun eða loftslagsmál. Á þeim grundvelli, og með hliðsjón af álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, tekur sveitarfélagið upplýsta ákvörðun í aðalskipulagi um legu Reykjanesbrautar og setur viðeigandi skipulagsákvæði um útfærslu brautarinnar og aðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, eins og raski á hrauni svo dæmi sé tekið.

Bent er á að vinna skipulagstillöguna í samráði og samstarfi við Vegagerðina, sem stendur að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar við Reykjanesbraut, með það fyrir augum að þessi tvö ferli styðji hvort annað. Það snýr m.a. að öflun og greiningu upplýsinga og samráði við umsagnaraðila. Hægt er að auka skilvirkni og hagræði með því fara sem mest samhliða með auglýsingu og kynningu á skipulagstillögu og frummatsskýrslu.

#### **Önnur atriði við mótun stefnu**

Bent er á að yfirfara stefnu um gatnamót og tengingar við Reykjanesbraut og skoða hvort áfram sé þörf á vegstæði Reykjanesbrautar skv. gildandi aðalskipulagi, sbr. mynd í kafla 4.2 sem sýnir mismög gatnamót við sveitarfélagamörk og þrjár tengingar þaðan: Núverandi legu Reykjanesbrautar, áformaða legu Reykjanesbrautar í gildandi aðalskipulagi og Ofanbyggðarveg. Bent er á að marka stefnu og setja skipulagsákvæði um hjólaleið og aðra samgöngumáta meðfram Reykjanesbraut (lestarsamgöngur) og einnig getur verið ástæða til að setja sérstök ákvæði um frágang og yfirbragð þeirra svæða sem verða fyrir raski.

#### **Kynning og samráð**

Bent er á að eiga samráð við Sveitarfélagið Voga og Náttúrufræðistofnun Íslands á vinnslutíma tillögu að breytingu, auk annarra samráðsaðila sem tilgreindir eru í lýsingunni.



Birna Björk Árnadóttir